

Sólborg Una Pálsdóttir

Fornleifaskráning Bakka og Bakkaholts á Kjalarnesi



Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr 118
Reykjavík 2004

Kort: Sólborg Una Pálsdóttir
Forsíða: Varnargarður og varðhundur á Bakka

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Reykjavík 2004
© Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn
Sólborg Una Pálsdóttir

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns 118
Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Öll réttindi áskilin



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Almenn t um verndun fornleifa og tilgang skráningar	3
3. Fornleifaskráning	4
4. Saga Bakka (125656-306) og Bakkaholts (125656-307)	5
5. Fornleifaskráning Bakka og Bakkaholts	7
Bakki 125656 306 - 1	7
Bakki 125656 306 - 2	8
Bakki 125656 306 - 3	9
Bakki 125656 306 - 4	9
Bakki 125656 306 - 5	10
Bakki 125656 306 - 6	11
Bakki 125656 306 - 7	11
Bakki 125656 306 - 8	12
Bakki 125656 306 - 9	12
Bakki 125656 306 - 10	13
Bakki 125656 306 - 11	14
Bakki 125656 306 - 12	14
Bakki 125656 306 - 13	16
Bakki 125656 306 - 14	16
Bakki 125656 306 - 15	16
Bakki 125656 306 - 16	17
Bakki 125656 306 - 17	17
Bakki 125656 306 - 18	17
Bakki 125656 306 - 19	18
Bakki 125656 306 - 20	19
Bakki 125656 306 - 21	19
Bakki 125656 306 - 22	20
Bakki 125656 306 - 23	21
Bakki 125656 306 - 25	21
Bakki 125656 306 - 25	22
Bakki 125656 306 - 26	22
Bakki 125656 306 - 27	22
Bakki 125656 306 - 28	23
Bakki 125656 306 - 29	23
Bakkaholt 181202 307 - 1	25
Bakkaholt 181202 307 - 2	26
Bakkaholt 181202 307 - 3	27
Bakkaholt 181202 307 - 4	28
Bakkaholt 181202 307 - 5	28
Bakkaholt 181202 307 - 6	29
6. Niðurstöður	29
Heimildaskrá	32
Útgefið efni	32
Óútgefið efni	32
Vefsíður	33



Myndaskrá

Mynd 1. Túnakort 1916 sett yfir hnítsetta loftmynd úr LUKR.	5
Mynd 2. Núverandi íbúðarhús sem byggt var ofan á eldri bústað. Horft til NA. Ljós. SUP.	7
Mynd 3. Hluti af túnakorti Bakka og Bakkaholts sem sýnir bæjarstæði og húsaskipulag.	8
Mynd 4. Túnið þar sem útihús 306-3 var staðsett. Horft til SV. Ljós. SUP.	9
Mynd 5. Staðsetning kálgarðs (306-5) við núverandi íbúðarhús. Horft til NA. Ljós. SUP.	10
Mynd 6. Túnakort af Bakka frá 1916 lagt yfir nýlega loftmynd sem er að finna í LUKR. Heimtröðin nr 6.	11
Mynd 7. Hluti af örnefnum Bakka sett yfir nýlega loftmynd úr LUKR.	13
Mynd 8. Hjallatún, þar sem talið er að hjallurinn hafi staðið. Horft til SV. Ljós. SUP.	14
Mynd 9. Varnargarður við Hjallatún. Horft til A upp með ánni. Ljós. SUP.	15
Mynd 10. Varnargarður við Hjallatún. Horft til SV með ströndinni. Ljós. SUP.	15
Mynd 11. Svæðið þar sem Gamli bær hefur líklega staðið. Horft í S. Ljós. SUP.	18
Mynd 12. Flóðgarðar. Hluti af örnefnum á jörðinni Bakka sett á nýlega loftljósmynd úr LUKR.	19
Mynd 13. Dvergasteinn. Hluti af örnefnum á jörðinni Bakka sett á nýlega loftljósmynd úr LUKR.	20
Mynd 14. Arnarhamarsrétt. Horft til NV. Ljós. SUP.	24
Mynd 15. Arnarhamarsrétt séð frá hömrnum. Horft til SV. Ljós. SUP.	24
Mynd 16. AutoCad teikning af útlínum vegga Arnarhamarsréttar. Teikn. SUP.	25
Mynd 17. Bakkaholt (bláir punktar). Túnakort 1916 lagt yfir nýlega loftljósmynd úr LUKR.	25
Mynd 18. Túnið þar sem bústaðurinn hefur líklega staðið. Horft til N. Ljós. SUP.	26
Mynd 19. Túnið þar sem kálgarðurinn var líklega. Horft til NV. Ljós. SUP.	27
Mynd 20. Túnið þar sem garðurinn var líklega. Horft til NA. Ljós. SUP.	28
Mynd 21. Staðsetning fornleifa við bæjarstæði Bakka (gult) og Bakkaholts (blátt). Grunnur er nýleg loftljósmynd fengin úr LUKR.	31

Töflur

Tafla 1. Skráðir minjastaðir á Bakka.....	29
Tafla 2. Skráðir minjastaðir á Bakkaholti	31

1. Inngangur

Minjasafn Reykjavíkur hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifaúttekt á jörðunum Bakka og Bakkaholti á Kjalarnesi.

Skráningin byggir á svæðisskráningu sem unnin var í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Sú skráning miðaðist við svæðisskipulagsstig en þá er skráning fornleifa byggð á rannsóknnum á heimildum og sögu jarðarinnar. Nú hefur þessi skráning verið yfirfarin, endurunnin og bætt. Nákvæmni hennar miðast við það skráningarform sem nægir við gerð deiliskipulags.

Markmið þessarar úttektar er að taka saman þau gögn sem geta gefið upplýsingar um fornleifar á umræddu svæði. Hluti af upplýsingunum kom frá núverandi ábúendum, þeim Ásthildi H. Skjaldardóttur og Birgi Aðalsteinssyni og fyrrverandi ábúanda, Bjarna Þorvarðarsyni. Þau hafa unnið örnefnakort af jörðunni sem kom að góðum notum í skráningunni. Telja má víst að þar hafa varðveist töluvert af gömlum örnefnum því sama ættin hefur búið á Bakka frá því um miðja 19. öld. Heimildarmönnum þessum eru færðar þakkir fyrir gott samstarf.

Hluti af svæðinu hefur verið sléttaður þannig að engar eða litlar rústir sjást þar á yfirborði sem gerir skráningu og staðsetningu minjanna erfiða. Reynslan hefur þó kennt okkur að þetta þýðir ekki endilega að fornleifarnar séu með öllu horfnar. Jörðin geymir enn minjarnar sem ekki hefur verið spilt og þær minjar eru samkvæmt lögum friðaðar.

2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í þjóðminjalögum 107/2001¹ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- skipflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.:

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

¹ Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Varðandi friðlýsingu og afmörkun friðlýstra svæða segir í 11. gr.:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt.

Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að fornleifar finnist að óvörum sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.² Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaf framkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

3. Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu svæðisins voru örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir kannaðar, auk þess sem svæðið var skoðað. Týndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar á svæðinu.

² Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 8.

Fornleifarnar eru skráðar í nýtt skráningarkerfi sem fengið hefur nafnið Sarpur. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-45. Fornleifarnar fá þrískipt númer. Í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, því næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, en þriðja talan er hlaupandi tala innan jarðarinnar.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil, þar er varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar á staðnum. Tegundum og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem, "**heimild**". Á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Það kort sem aðallega var notað við skráninguna er túnakort frá 1916. Þessu korti er varpað á nýlegan kortagrunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þannig má staðsetja hluta af fornleifunum. Reynt er að setja staðsetningarhnit (ISN93) á flestar fornleifar með þessum hætti en augljóslega er einungis um tilgátur að ræða þegar fornleifar eru horfnar af yfirborði.



Mynd 1. Túnakort 1916 sett yfir hnitsetta loftmynd úr LUKR.

4. Saga Bakka (125656-306) og Bakkaholts (125656-307)

Í Íslenska fornbréfasafninu er að finna nokkur skjöl frá miðöldum sem tengjast Bakka. Jarðarinnar er fyrst getið 2. mars 1495 þegar Erlendur Jónsson seldi Erlendi bónda Erlendssyni og konu hans jörðina Lágafell í Landeyjum fyrir jörðina Bakka á Kjalarnesi.³ 23. júní 1517 tók Ögmundur ábóti í Viðey við Erlendi Jónssyni sem próventumanni en klaustrið

³ D.I. VII, 252-253.

fékk þá Bakka til fullrar eignar, tuttugu hundruð og tíu kúgildi að auki.⁴ Þann 30. september 1541 var dómur útnefndur á Esjubergsþingi af Pétri Einarssyni (Gleraugna-Pétri) um bréf Viðeyjarklausturs fyrir jörðunum Skrauthólum og Bakka á Kjalarnesi. Niðurstaða dómsins var að bréf Alexíusar ábóta fyrir jörðunum væru lögleg og gild.⁵ Bakki kemur nokkrum sinnum fyrir í fôgetareikningum á árunum 1547-1552.⁶ Árið 1569 er Bakka getið í minnisblöðum Vigfúsar sýslumanns Jónssonar, þar sem segir að Jón á Bakka láti vaðmál í skatt.⁷

Jarðarmat Bakka í Jarðabókinni 1705 var tuttugu hundruð og eigandinn skráður maddama Sigríður Hákonardóttir prófastsekkja á Rauðamel. J. Johnsen mat jörðina á sama verði í Jarðatali sínu frá 1835-1845.⁸

Árið 1705 var einn maður skráður ábúandi á Bakka og bjó hann á allri jörðinni. Landskuld var eitt og hálf hundruð og greiddist með sex ríkisdöllum til landeiganda og hafði sama fyrirkomulag á greiðslum viðhafst lengi. Leigukúgildin voru fjögur og greiddust leigur í smjöri. Kvikfénaður ábúanda var átta kýr en af þeim voru tvær með fyrsta kálfi, tvær kvígur voru veturgamlar, og einn kálfur. Þá eru einnig talin upp átján ær með lömbum, átta veturgamlir sauðir, fjórtán tvævetrir og eldri, tvo hross, einn foli veturgamall og tveir tvævetrir. Talið var að sex kýr, 12 lömb og 22 ær gætu fóðrast á jörðinni. Útigangur fyrir sauði og hesta var talinn góður um vetur. Jörðin hafði frían fjárupprekstur upp á Esju eins og aðrar jarðir í hreppnum. Móskurð til eldiviðar hafði jörðin nægan sem og torfristu, stungu og reiðingsristu. Sölvafjara var svo mikil og góð að ábúandi gat bæði selt sölvu sem og leigt fjöru. Ábúandi fékk alin fyrir einn hestburð af sölvu og þegar best var höfðu hestburðirnir verið tæplega tvö hundruð en þegar hér var komið sögu var það mun minna því nærliggjandi á bar mikinn sand í fjöruna. Fjörugrös voru einnig næg en ekkert var þó selt. Rekavon var nokkur en hrognkelsafjara var varla teljandi. Þang mátti nýta til eldiviðar ef með þyrfti. Jörðin Kiðafell nýtti móskurð og stungu gjaldlaust í landi Bakka. Ekki voru neinar engjar í landi Bakka, landþröng var mikil og málnytjurekstur yfir sumar mjög langur. Mjög landlétt var talið um sumar. Sauðfé gat verið í hættu vegna flóða og stafaði einnig hætta af foruðum og djújum. Sjór braut úr túninu og áin bar sand á það. Vatnsból var einnig slæmt. Nefnt er að varla geti kallast heimræði frá jörðinni því lending sé bæði háskaleg og skipsuppsátur ekki óhætt vegna sjávangangs og því sótti ábúandi verið annars staðar. Getið er þess hve stórviðrasamt var á þessari jörð sem svo víða annars staðar í hreppnum. Bakkahjáleiga var fornt afbýli í landi Bakka en hafði þegar þetta var ritað legið í eyði í yfir fjórtíu ár (frá því fyrir 1665). Menn gátu sér þess til að landskuld hefði verið fjórtíu álnir og eitt kúgildi fylgt jörðinni og hafi afgjaldið runnið til heimabónnda. Á hjáleigunni fóðruðust tvær kýr. Heimabóndinn nýtti nú túnin, engjar og haga en talið var að hjáleigan gæti ekki aftur byggst vegna landþrengsla og án þess að skaða heimajörðina.⁹

Bakkaholt var syðsti hlutinn í landareign Bakka.¹⁰ Jarðabók nefnir ekki þessa jörð en mögulega er hér um að ræða Bakkahjáleigu úr landi Bakka þó svo ekkert sé hægt að fullyrða um það.¹¹ Johnsen metur þessa jörð ekki í Jarðatali sínu en getur þess að sýslumaður telji hana fimm hundruð.¹² Í Kjalnesingum segir Þorsteinn Jónsson: "Býlið var fyrir innan Brekkulæk. Mestur hluti af landi þessa gamla býlis fylgir nú Arnarholti. Nafn þess er í manntölum

⁴ D.I. VIII, 631.

⁵ D.I. X, 671-672.

⁶ D.I. XII, 108, 134, 150, 170, 396.

⁷ D.I. XV, 341.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók III*, 372. - J. Johnsen, *Jarðatal*, 98.

⁹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók III*, 372-373.

¹⁰ Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, 124.

¹¹ Sbr. Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók III*, 373.

¹² J. Johnsen, *Jarðatal*, 98, 98 neðanmáls.

Bakkaholt allt til ársins 1880, en eftir það er Holtsnafnið ráðandi. Var í byggð til ársins 1905.¹³

Í Fasteignamatsbók Kjósarsýslu frá 1918 kemur fram að jörðin sé 16,2 hektarar en af þeim voru þrír hektarar sem tilheyrðu Bakkaholti. Tún voru 6,4 teigar sem voru að mestu leyti sléttuð, taða var um 220 hb (hestburðir). Sáðreitir voru 1100 m² og uppskera um 18 tn (tunnur). Engi (flói) var nærri, þýft en greiðfært og sums staðar áveitt. Landið var talið fremur hagsælt, mest láglendi, mýrar og móar. Helstu kostir jarðarinnar voru taldir hrognkelsaveiði, mótak, nálægð brunnar, aðgengi að sandi og möl, túnefni og möguleikar á að gera vagnfært heim að húsi góðir. Helstu ókostir voru taldir vera að túnið var við "brotbakka", aðeins var "stórgripagirt", engar vagnslóðir, landbrot vegna ágangs sjós, landlétt og flæðihætta.¹⁴

Árið 1919 voru sex kýr, átta hross og um 100 kindur á jörðinni og var hún þá talin vera "fullsetin". Hús voru loftbaðstofa metin á 450 krónur, dyr með geymslu (220 kr.), vatnsleiðsla og dæla (200 kr.), eldhús (100 kr.), skemma (35 kr.), móhús (40 kr.), ein hlaða fyrir 250 hb. (330 kr.), ein hlaða fyrir 200 hb. (210 kr.), fjós fyrir tíu kýr (110 kr.), hesthús fyrir sex hross (40 kr.), og fjögur fjárhús fyrir samtals 110 kindur (290 kr.). Samtals voru hús metin á 2025 krónur. Heildarmat eignarinnar var þá talið vera 8935 krónur.¹⁵

Árið 1930 var augljóslega búið að endurbæta húsakostinn því þá eru komin íbúðarhús, hlaða, fjós með haughúsi, öll úr steinsteypu, auk þess sem tún voru aukin, og girðingar og akslóðir bættar.¹⁶

5. Fornleifaskráning Bakka og Bakkaholts

Bakki 125656 306 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Aldur: Fyrir 1916

Staðsetning: X: 360969,73 Y: 420673,54

Horfin: Já, af yfirborði

Heimildarmaður: Birgir Aðalsteinsson



Mynd 2. Núverandi íbúðarhús sem byggt var ofan á eldri bústað. Horft til NA. Ljós. SUP.

¹³ Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, 134.

¹⁴ Þskj., Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 55.

¹⁵ Þskj., Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 55.

¹⁶ Þskj., Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 55.

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti frá 1916 lá bær/aðalhús jarðarinnar Bakka í um 204 metra norðvestur frá húsnum Bakkakots/Bakkaholts (307-1). Bærinn samanstóð af sjö hölfum. Stærð þeirra var, talið upp frá vestri til austurs, 5x6 m, 5x6 m, 5x6 m, 4x9 m, 2x6 m, 3x4 m, 2x6 m. Heimtröðin lá svo austur af bænum.¹⁷

Lýsing

Samkvæmt upplýsingum frá núverandi eigendum jarðarinnar, þeim Ásthildi H. Skjaldardóttur og Birgi Aðalsteinsyni, og fyrrverandi eiganda jarðarinnar, Bjarna Þorvarðarsyni þá eru þau hús sem teiknuð eru upp á túnakortinu horfin undir núverandi íbúðarhús sem var byggt árið 1923 samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamatari ríkisins. Þetta passar við upplýsingar sem koma fram í Fasteignamatsbók Kjósarsýslu en þar kemur fram að húsakostur var endurnýjaður á árunum 1919-1930.¹⁸

Bakki 125656 306 - 2

Hlutverk: Útihús


Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 360951,53 Y: 420689,87

Horfin: Já, af yfirborði

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 mátti finna lítið hús (3x4 m) um sjö metra norðvestur af bænum (306-1). Ekki er að finna neinar upplýsingar á túnakortinu um hvers konar hús sé um að ræða.¹⁹



Mynd 3. Hluti af túnakorti Bakka og Bakkaholts sem sýnir bæjarstæði og húsaskipulag.

¹⁷ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916. – Gagnabanki Fasteignamats ríkisins. Upplýsingar um jörðina Bakka á Kjalarnesi. www.fmr.is

¹⁸ Þskj., Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 55.

¹⁹ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

Lýsing

Þetta hús er horfið vegna túnasléttunar og yngri húsbygginga. Staðsetning því tilgáta byggð á túnakorti. Í Fasteignamatsbók Kjósarsýslu kemur fram að á jörðinni hafi verið móhús árið 1919 (þremur árum eftir að túnakortið var gert). Spurning hvort þetta sé móhúsið en nálægð við íbúðarhús hlýtur að hafa verið kostur þegar staðsetning á slíku húsi var valin.

Bakki 125656 306 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361006,64 Y: 420725,29

Horfin: Já, af yfirborði

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 (sjá mynd 3) var hús um 60 metra norðnorðvestur af bænum (306-1). Húsið var eitt hólf, um 6x4 m á stærð og með standpili (eða járnþaki).²⁰

Lýsing

Þetta hús er horfið vegna túnasléttunar. Ekki langt frá þeim stað sem kallaður er "Gamli bær" (306-19).



Mynd 4. Túnið þar sem útihús 306-3 var staðsett. Horft til SV. Ljós. SUP.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti.

Bakki 125656 306 - 4

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 360943,66 Y: 420683,96

Horfin: Já, af yfirborði

Heimildarmaður: Birgir Aðalsteinsson

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 (sjá mynd 3) var kálgarður um sjö metra vestur af bænum (306-1) og um tvo metra suður af litla húsinu (306-2). Garðurinn var um 11x16 m á stærð.²¹

²⁰ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

Lýsing

Kálgarðurinn er horfinn vegna túnasléttunar og nýrri bygginga.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti.

Bakki 125656 306 - 5

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 360963,34 Y: 420666,25

Horfin: Já, af yfirborði

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 (sjá mynd 3) var annar kálgarður sunnan við bæinn (306-1) og um átta metra austur af hinum kálgarðinum (306-4). Garðurinn var um 20x30 m á stærð.²²



Mynd 5. Staðsetning kálgarðs (306-5) við núverandi íbúðarhús. Horft til NA. Ljósm. SUP.

Lýsing

Kálgarðurinn að mestu horfinn vegna túnasléttunar og yngri garðræktar. Þó má sjá móta fyrir vesturhliðinni þar sem litamismunur er sjáanlegur í túninu (sjá mynd 5) og spurning hvort vesturhlið garðsins við húsið séu leifar frá kálgarðinum.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti.

²¹ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

²² Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

Bakki 125656 306 - 6

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361081,42 Y: 420656,41

Horfin: Já, af yfirborði

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 lá heimtröðin austur frá bænum og sveigði svo til norðaustur. Á kortinu er hún teiknuð um 220 metra löng. Við enda hennar var svo lítil tóft (306-7) og þaðan lá líka túngarðurinn í norður og vestur.²³ Heimtröðin var ekki gerð vagnfær fyrir en á tímabilinu 1919-1930.²⁴

Lýsing

Horfin vegna túnasléttunar og yngri húsbygginga.



Mynd 6. Túnakort af Bakka frá 1916 lagt yfir nýlega loftmynd sem er að finna í LUKR. Heimtröðin nr 6.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti. Þar sem vegur er lína gefur einn punktur takmarkaðar upplýsingar um staðsetningu. Frekari hnit væru:

- 1) X: 361164,19 Y: 420678,02
- 2) X: 361121,45 Y: 420676,71
- 3) X: 361060,30 Y: 420650,41
- 4) X: 361001,13 Y: 420653,70
- 5) X: 360946,80 Y: 420663,56

Bakki 125656 306 - 7

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361159,15 Y: 420687,9

Horfin: Já, af yfirborði

²³ Túnakort Bakka og Bakkaholts á Kjalarnesi frá árinu 1916.

²⁴ Þskj. Fasteignamatbók Kjörsarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 55.

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti 1916 lá heimtröðin austur frá bænum og sveigði svo til norðaustur. Við enda hennar var lítil tóft, 2x6 metrar (sjá mynd 6, tóftin er nr 7). Frá tóftinni lá túngarðurinn í norður og vestur. Ekki kemur fram á túnakortinu hvaða hlutverki tóftin hafði áður gengt.²⁵

Lýsing

Tóftin er horfin vegna túnasléttunar.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti.

Bakki 125656 306 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361106,02 Y: 420760,71

Horfin: Já, af yfirborði

Heimildarmaður: Birgir Aðalsteinsson

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti 1916 lá heimtröðin austur og svo norðaustur af bænum en við enda hennar var lítil tóft. Frá tóftinni lá túngarðurinn í norður og vestur og endaði við ströndina, um 150 metra norður af bænum (306-1). Túngarðurinn var um 284 metrar á lengd í heildina (sjá mynd 6, nr 8).²⁶

Lýsing

Túngarðurinn er horfinn vegna túnasléttunar. Spurning hvort varnargarðurinn (306-12) sem er um 20 metra norðaustur af norðurenda túngarðsins hafi verið hluti af túngarði bæjarins á einhverjum tíma.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta byggð á túnakorti. Þar sem vegur er lína gefur einn punktur takmarkaðar upplýsingar um staðsetningu. Frekari hnit væru:

- 1) X: 361164,19 Y: 420680,00
- 2) X: 361149,06 Y: 420726,68
- 3) X: 361080,68 Y: 420779,28
- 4) X: 361060,30 Y: 420834,51
- 5) X: 361048,47 Y: 420843,05
- 6) X: 361028,74 Y: 420841,74
- 7) X: 361006,39 Y: 420814,78

Bakki 125656 306 - 9

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361491,74 Y: 420898,47

Horfin: Já, af yfirborði

²⁵ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

²⁶ Túnakort Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi frá árinu 1916.

Staðhættir

"Með henni [Ártúnsá] eru þessi nöfn, talin neðan frá: Stekkjarhvammur. Þar var stekkur áður fyrr, fjárhús og beitarhús, sem nú eru horfin og orðin að túni."²⁷

Lýsing

Fannst ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta unnin eftir örnefnakorti sem núverandi eigendur jarðarinnar, Birgir Aðalsteinsson og Ásthildur H. Skjaldardóttir, létu vinna m.a. eftir upplýsingum fyrrverandi eiganda jarðarinnar Bjarna Þorvarðarsonar (sjá mynd 7).



Mynd 7. Hluti af örnefnum Bakka sett yfir nýlega loftmynd úr LUKR.

Bakki 125656 306 - 10

Sérheiti: Fjósgróf

Hlutverk: Fjós?

Staðsetning: X: 360875,77 Y: 420671,17

Tegund: Heimild

Staðhættir

"Í þá [sjávarbakkana] eru alldjúpar grófir, Holtsgróf er syðst,... .Norðar er Fjósgróf,... ." ²⁸

Lýsing

Heimildarmenn (Birgir Aðalsteinsson, Ásthildur H. Skjaldardóttir, Bjarni Þorvarðarson) þekktu þetta örnefni en könnuðust ekki við að það vísaði til einhvers fjóss á þeim stað og töldu það fremur ólíklegt.

²⁷ Ari Gíslason: Örnefnaskrá Bakka á Kjalarnesi.

²⁸ Ari Gíslason: Örnefnaskrá Bakka á Kjalarnesi.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta unnin eftir örnefnakorti sem núverandi eigendur jarðarinnar, Birgir Aðalsteinsson og Ásthildur H. Skjaldardóttir, létu vinna eftir upplýsingum fyrrum eiganda, Bjarna Þorvarðarsonar (sjá mynd 7).

Bakki 125656 306 - 11

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 361049,93 Y: 420828,61

Horfin: Já, af yfirborði

Heimildarmaður: Bjarni Þorvarðarson

Staðhættir

"Norðar [en Hvammur] þar sem heitir Hjallatún, hefur verið lending áður fyrir."²⁹



Mynd 8. Hjallatún, þar sem talið er að hjallurinn hafi staðið. Horft til SV. Ljós. SUP.

Lýsing

Heimildarmaður (Bjarni Þorvarðarson) telur smáhól í túninu geta verið leifarnar af hjallinum þar sem fiskurinn var þurrkaður.

Aðrar upplýsingar

Staðsetning er tilgáta unnin eftir örnefnakorti sem núverandi eigendur jarðarinnar, Birgir Aðalsteinsson og Ásthildur H. Skjaldardóttir, létu vinna m.a. eftir upplýsingum fyrrum eiganda, Bjarna Þorvarðarsonar.

Bakki 125656 306 - 12

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 361067,65 Y: 420852,22

Horfin: Nei

Heimildarmaður: Bjarni Þorvarðarson

²⁹ Ari Gíslason: Örnefnaskrá Bakka á Kjalarnesi.

Staðhættir

Sjógarður við Hjallatún, fyrir neðan brekkur í túninu. Garðurinn liggur samhliða Blikdalsánni í vestur og beygir síðan í suðvestur með ströndinni, þ.e. 22 metra í norðaustur/suðvestur meðfram ströndinni og 32 metra vestur/austur samhliða ánni. Er í um 186 metra norðnorðaustur frá íbúðarhúsi og um 56 metra suðvestur af ánni.



Mynd 9. Varnargarður við Hjallatún. Horft til A upp með ánni. Ljós. SUP.

Lýsing

Garðurinn er hlaðinn úr steini. Lóðrétt lög steina eru mest sjö. Á steinum eru hvítar fléttur og mosi. Samkvæmt heimildarmanni (Bjarna Þorvarðarsyni) var garðurinn byggður fyrir hans minni en hann er fæddur 1923. Fannst honum líklegt að garðurinn væri frá aldamótum. Bletturinn innan við vegginn er kallaður "Gamla tún" sem gæti bent til þess að sjógarðurinn hafi verið hluti af túngarði.³⁰



